

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aukum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir
Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 8. maí 1974 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

a. Inntökuskilyrði.

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í einstökum greinum sem skilyrði inntöku. Enn fremur getur deildin takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að deildinni hverju sinni.

b. Kennslugreinar og kennsluhættir.

1. Námsstími og kennsluhættir.

Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár (6 misseri). Próf eru að jafnaði haldin í lok hvers námskeiðs.

2. Kennslugreinar.

Á 1. misseri skal kenna: Lyfjagerðarfræði, bóklega og verklega, almenna efnafræði I, bóklega og verklega, efnagreiningu I, bóklega og verklega.

Á 2. misseri skal kenna: Lyfjagerðarfræði, bóklega og verklega, lífræna efnafræði og lífefnafræði I, bóklega og verklega, lyfjalöggjöf, verðlagningu lyfa, latínu.

Að loknu 2. misseri skal stúdent vistaður til verklegs náms í lyfjabúð eða öðrum námsdvalarstað í samráði við aðalkennara í lyfjafræði lyfsala. Stúdent skal stunda hið verklega nám frá 15. júní til 1. október og aftur frá 1. júní til 15. ágúst næsta ár á eftir. Stúdent getur þurft að leysa verklegt nám af hendi á fleirum en einum stað í samráði við og með samþykki aðalkennara (prófessors).

Á 3. misseri skal kenna: Lyfjagerðarfræði, bóklega og verklega, sérhæfða lyfjafræði, lífræna efnafræði, bóklega og verklega, lyflýsingafræði, grasafræði.

Á 4. misseri skal kenna: Stærðfræði, tölfræði, gagnafraði, eðlisfræði, lyflýsingafræði, grasafræði, lífræna efnafræði, bóklega og verklega.

Á 5. misseri skal kenna: Lyfjaefnafræði, rekstrarfræði lyfjabúða, lífefnafræði, bóklega og verklega, efnagreiningartækni, verklega.

Á 6. misseri skal kenna: Lyfjaefnafræði, rekstrarfræði lyfjabúða, lífefnafræði, bóklega og verklega, efnagreiningartækni, bóklega og verklega.

c. Verklegt nám.

Við verklegt nám utan Háskólans skal stúdent starfa sem hér segir: Í lyfjabúri og við galenska lyfjagerð, rannsóknastofustörf, færslu eftirritunarbókar, innkaupa-spjaldskrár o. fl. í samtals 4 mánuði. Við afgreiðsluáfyllingar- og birgðastörf í samtals 2 mánuði.

Á verknámstíma sínum utan Háskólans skal stúdent færa dagbók. Stúdent skal skila dagbók í síðasta lagi einni viku áður en verklegri námsdvöl lýkur (15. ágúst). Heimilt er að vikja frá þessum skilafresti ef nauðsyn krefur og með samþykki aðalkennara.

2. gr.

45. gr. orðist svo:

Próf í lyfjafræði lyfsala.

a. Prófgreinar og tilhögun prófs.

Prófgreinar í lyfjafræði lyfsala og gildi einkunnna í hverri grein eru sem hér segir:

Próf í lok 1. misseris:

Skriflegt: Almenn efnafræði I og efnagreining I: einföld einkunn.

Verklegt: Almenn efnafræði I og efnagreining I: einföld einkunn.

Próf í lok 2. misseris:

Skriflegt: Lyfjagerðarfræði: tvöföld einkunn, lífræn efnafræði og lífefnafræði I: einföld einkunn.

Verklegt: Galensk lyfjagerð: tvöföld einkunn, lífræn efnafræði og lífefnafræði I: einföld einkunn.

Próf í lok 3. misseris:

Skriflegt: Lyfjagerðarfræði: einföld einkunn, sérhæfð lyfjafræði: einföld einkunn.

Verklegt: Galensk lyfjagerð: einföld einkunn.

Próf í lok 4. misseris:

Skriflegt: Lyflýsingafræði: einföld einkunn, grasafræði: einföld einkunn, lífræn efnafræði: einföld einkunn. Í stærðfræði, tölfraði, gagnafræði og eðlisfræði skulu greinakennarar gefa út skriflega viðurkenningu um, að stúdent hafi náð tilskilinni leikni.

Verklegt: Lífræn efnafræði: einföld einkunn.

Próf í námunda við 15. ágúst: (fyrri hluta próf):

Skriflegt: Lyfjalöggjöf, verðlagning lyfja og latína: einföld einkunn.

Verklegt: Plöntugreining. Greinarkennari skal gefa út skriflega viðurkenningu um, að stúdent hafi náð tilskilinni leikni.

Próf í lok 5. misseris:

Efnagreiningartækni, verkleg: einföld einkunn.

Próf í lok 6. misseris (aðstoðarlyfjafræðingspróf):

Skrifleg: Lyfjaefnafræði: tvöföld einkunn, rekstrarfræði lyfjabúða: einföld einkunn, lífefnafræði: tvöföld einkunn.

Verklegt: Lífefnafræði: einföld einkunn, efnagreiningartækni, bókleg og verkleg: einföld einkunn.

Áður en stúdent segir sig til prófs í lok 2. kennslumisseris, skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið tilbúningi eigi færri en 15 galenskra samsetninga, sem greindar eru á verkefnalista þeim, sem afhentur er í upphafi 1. misseris. Þá er stúdent segir sig til annarra prófa, skal hann hafa staðist próf í lok 2. misseris og öll undangengin próf og leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið.

Einkunn í verklegri galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við skýrslur stúdenta yfir námstímann og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Nú stenst stúdent eigi eitthvert próf og er honum þá heimilt að þreyta það aftur eftir þeim prófreglum, er gilda fyrir hverja grein.

Ekkert próf má þreyta oftari en tvisvar, sbr. þó 61. gr. 1. mgr. i. f., og aðstoðarlyfjafræðingsprófi skal lokið eigi síðar en sex árum eftir að stúdent var skráður í deildina. Undanþágu má þó veita frá greindu tímamarki, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni Háskólans.

Ekki er Háskólanum skylt að annast kennslu á 3. námsári, nema 3 stúdentar hið fæsta skrái sig til náms.

b. Einkunnastigi og ákvæði um lágmarkseinkunn.

Við ákvörðun á einkunn skal nota tug einkunnakerfi, sbr. 57. gr. C, um próf í verkfræði- og raunvísindadeild. Við einkunnagjöf skal jafnframt stuðst við úrlausnir æfingaverkefna, sem stúdent hefur leyst á námstímanum. Einkunnir skriflegra prófa skulu gefnar í heilum og hálfum tölum, en einkunnir verklegra prófa í heilum tölum.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa fengið a. m. k. 6.0 í hverri af þessum greinum: galenskri lyfjagerð og efnagreiningartækni og ekki minna en a. m. k. 6.0 að meðaltali á hverju námsári fyrir sig.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.